

Mál nr. 159/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. A og
Vátryggingarfélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Miklubraut við Réttarholtsveg þ. 3.4.2013

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.4.2013 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 13.5.2013. ásamt fylgiskjölum 1-2
3. Bréf V-2 dags. 21.5.2013 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á Miklubraut við Réttarholtsveg. B var ekið inn á Miklubraut af afrein frá Skeiðarvogi og færði ökumaður B ökutækið síðan inn á miðakrein og skömmu síðar var A ekið aftan á B. Ökumaður A segist hafa ekið austur Miklubraut á miðakrein og veitt B athygli á hægri akrein og aukið ferðina og skipt um akrein og farið inn á miðakrein. Ökumaður A segist hafa talið að B yrði ekið yfir á vinstri akrein þar sem stefnuljós loguðu á bifreiðinni og B komin mikið til vinstri en þá hafi verið eins og ökumaður B hafi hætt við og farið í veg fyrir A og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa ekið inn á Miklubraut og fært sig yfir á miðakrein og gefið stefnuljós og aukið ferðina til að fara framfyrir A. Ökumaður B segir að eftir að hann hafi ekið nokkrar sekúndur á miðakrein hafi hann heyrt bílflaut og högg komið aftan á B þegar A var ekið á B.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að ökumaður B gaf stefnuljós til vinstri áður en hann beygði inn á miðakrein Miklubrautar í umrætt sinn. Ökumaður A veitti að eigin sögn B athygli þegar B var ekið inn á miðakrein og ók þar nokkra stund, en hélt óhikað áfram þar sem ökumaður A taldi að B mundi verða ekið af miðakrein yfir á hægri akrein. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi sýnt óaðgæslu við aksturinn eða beygt skyndilega í veg fyrir A. Af öllum gögnum virtum verður því öll sök lögð á ökumann A sem ók aftan á B í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 4.6.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.